

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Húnaþingi vestra, 29. maí 2024
Mál nr. 2405034 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfjálsar skólamáltíðir), mál nr. 1114/2024.

Á 1214. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 22.5.2024 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfjálsar skólamáltíðir) tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Um er að ræða frumvarp í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru á dögnum. Í frumvarpinu er ríkissjóði veitt heimild til að veita fé í Jöfnunarsjóð vegna niðurgreiðslu gjaldfjálsra skólamáltíða frá og með hausti 2024. Ekki þykir ástæða til umsagnar um frumvarpið. Hins vegar vill byggðarráð leggja áherslu á að úfærsla Jöfnunarsjóðs á greiðslum til sveitarfélaga verði unnin í nánú samráði við þau og að tillit verði tekið til mismunandi aðstæðna sveitarfélaga til dæmis við kaup á hráefni til framleiðslu máltíðanna, flutningskostnaðar o.s.frv.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



SWEITARSTJÓRI
HUNAPINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri

Afrit: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.